

Nd.

682. Nefndarálit

[145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og umsagnir Landssambands iðnaðarmanna og Iðnnemasambands Íslands.

Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson telja þá fræðslustarfsemi fyrir iðnnema, sem frv. fjallar um, mjög æskilega og eru því fylgjandi, að henni verði komið í framkvæmd. En þeir hefðu kosið, að fé yrði veitt í fjárlögum í þessu skyni, fremur en að taka upp nýjan markaðan skatt og að leggja hluta kostnaðar á iðnnemana. Af þessum ástæðum skrifa GTh og LárJ undir nál. með fyrirvara.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

- a. Á eftir orðunum „Iðnnemasambandi Íslands“ í 1. málslíð bætist: og fari til eflingar fræðslustarfs þess um iðnfræðslulöggjöfina.
- b. 2. málslíður orðist svo:

Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs árlegu lágmarksskaupi iðnnema í rafvirkjun, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans ½% af sömu upphæð.

Alþingi, 4. maí 1972.

Sigurður Magnússon,
form., frsm.
Bjarni Guðnason.

Gísli Guðmundsson,
fundaskr.
Þórarinn Þórarinsson.

Pétur Pétursson.
Gunnar Thoroddsen,
með fyrirvara.

Lárus Jónsson,
með fyrirvara.